

AUGLÝSING um gjaldskrá fyrir húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði.

1. gr.

Af húsdýrum og gæludýrum skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar nr. 634/2012 um húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði.

2. gr.

Af leyfum sem veitt eru samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar skal innheimta eitt tímagjald eins og það er á hverjum tíma samkvæmt gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

3. gr.

Heimilt er að innheimta eftirlitsgjald vegna almenns eftirlits samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðis-eftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

4. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarna og V. kafla laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

5. gr.

Af húsdýri sem handsamað er og flutt í gæludýrageymslu samkvæmt 5. gr. samþykktarinnar skal greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

6. gr.

Við afhendingu handsamaðs dýrs ber heilbrigðiseftirliti að innheimta gjald; eitt og hálft tímagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi dýrs. Svo og þjónustu dýralæknis ef með þarf samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dýralæknis.

7. gr.

Með vísun til heimildar í ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, er gjaldskrá þessi samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 24. október 2012 og öðlast gildi við birtingu.

Garðabæ, 10. desember 2012.

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri.